

**Ed. 505. Tillaga til þingsályktunar**

um undirbúning stofnunar uppeldisheimilis fyrir vangæf börn og unglunga.

Frá allsherjarnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, hvar vænlegast sé að stofna uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglunga, og gera áætlun um stofnkostnað slíks heimilis, og sé rannsókn lokið fyrir næsta Alþingi.

**Greinargerð.**

Allsherjarnefnd hefir haft til meðferðar frumvarp um uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglunga, flutt af hv. 2. landsk. þm. Eru nefndarmenn allir hlyntir þeirri hugmynd, sem í frv. felst. Hinsvegar þykir sýnt, að ekki geti orðið úr framkvæmdum eins skjótt og gert er ráð fyrir í frv. Er því farið fram á, að ríkisstjórnin rannsaki og undirbúi málið fram að næsta Alþingi.

Nefndin vill sérstaklega benda á eftirfarandi atriði, sem talin eru rannsóknar-efni:

1. Hvort ekki séu vel hýstar jarðir fánlegar til kaups í þessu skyni.
2. Hvort einstaklingar, t. d. kennarar í sveit, vildu takast á hendur stjórn slíks heimilis.
3. Hvort eigi skuli varið nokkru af því fé, sem væntanlega verður veitt til barnaverndar, til styrktar efnilegum manni, til þess að kynna sér starfsemi uppeldisheimila erlendis, til undirbúnings forstjórarstarfi við væntanlega uppeldisstofnun hér á landi, og sé athugunum lokið svo snemma, að hægt sé að ganga frá löggjöf um málið á næsta Alþingi.
4. Athuguð séu skilyrði fyrir samstarfi bæjar- og sveitarfélaga og ríkis um stofnun og rekstur uppeldisheimilis.